

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum fyrir Staðlaráð Íslands nr. 319/1993.

1. gr.

1. málsgrein 2. greinar orðist svo:

„Aðild að Staðlaráði geta þeir átt sem áhuga hafa á og telja sig eiga hagsmuna að gæta af starfi þess. Fagráð, sem starfa á vegum ráðsins, eiga sjálfkrafa aðild að Staðlaráði.“

2. gr.

a. í 5. grein bætist við ný 2. málsgrein er orðist svo:

„Fagráð, sem starfa á vegum ráðsins, eru undanþegin greiðslu aðildargjalda.“

b. 2. málsgrein verði 3. málsgrein.

3. gr.

c. liður 13. greinar orðist svo:

„c. formenn fagstjórna og framkvæmdastjóri ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.“

4. gr.

Breytingar þessar á starfsreglum fyrir Staðlaráð Íslands eru gerðar skv. ákvæðum laga um staðla nr. 97/1992, og öðlast gildi að fenginni staðfestingu iðnaðarráðherra.

Reykjavík, 21. nóvember 1995.

Reglur þessar eru hér með staðfestar.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. apríl 1996.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.